

Afstöðumynd

1 : 500

BYGGINGARLÝSING:

Sótt er um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu við Grunnskóla Húnaþings vestra, við Kirkjuveg 1, ásamt breytingum á núverandi húsnæði þar sem viðbygging tengist eldra húsi. Viðbyggingin hefur matshlutanúmer 03. Gerðar eru breytingar á þeim hluta núverandi byggingar sem hefur matshlutanúmer 01. Teikningar matshluta 01 eru byggðar á uppdráttum Húsameistara ríkisins frá 1958. Teikningar matshluta 02 eru byggðar á uppdráttum Sigurðar Harðarsonar og Magnúsar Skúlasonar frá 1982 og 1996.

NOTKUN:
Viðbygging við núverandi Grunnskóla Húnaþings vestra, sem tengist eldri skólabyggingu á norðurhlið. Viðbyggingin er á einni hæð, en stallast í þrjá palla sem hækka með landinu. Kjallari er undir húsinu að hluta. Í nýbyggingu eru rými fyrir frístund, stjórnun, eldhús, mat-/samkomusal, tónlistarskóla, bókasafn, starfsmannaaðstöðu og þrjár kennslustofur fyrir unglingastig. Í kjallara er verkstæði, geymsla og tæknirými.

BURÐARVIRKI:
Burðarvirki nýbyggingar eru steyptir út- og innveggir og sökklar, en þakvirki er timburvirki úr límtré. Hönnunarforsendur eru að kröfum gildandi staðla (Eurocode) og byggingarreglugerðar.

ÞÖK OG ÚTVEGGIR:
Halland létt þak eru einangruð með 200 mm steinullareinangrun og klædd með hvítu bárujárni. Útveggir eru einangraðir að utan með 125 mm steinullareinangrun og klæddir með hvítri álklæðningu. Þakrennur faldar bak við klæðningu útveggja.

ÚTIGLUGGAR OG HURÐIR:
Gluggar og útihurðir eru úr álklæddu timbri. Gler í gluggum útveggja verður valið með það í huga að draga úr sólarálagi.

GÓLF:
Gólfplötur eru steinsteyptar og einangrað undir plötu með 75mm plasteinangrun. Sökklar eru einangraðir með 100mm plasteinangrun.

LOFT- OG GÓLFEFNI:
Niðurtekin kerfisloft, verða í öllum rýmum að undanskildum matsal og bókasafni. Þar verður þakvirki sýnilegt og klætt með hljóðísogsplötum á milli sperra. Gólf eru að jafnaði dúklögð, á salernum gólfflísar, í eldhúsi epoxy-gólf og í tæknirýmum rykbundin gólf.

INNVEGGIR:
Innveggir eru ýmist steyptir eða léttir gipsveggir. Frágangur í samræmi við bruna- og hljóðkröfur.

INNIGLUGGAR OG HURÐIR:
Innigluggar og hurðir eru að jafnaði dúklagðar og viðarkantlímdar með viðarkarmi, en harðplastlagðar með ryðfríum kantfrágangi og karmi í eldhúsi. Frágangur í samræmi við bruna- og hljóðkröfur.

HANDRIÐ OG HANDLISTAR:
Handrið er með 89 mm lágmarks bili milli rimla þar sem fallhætta er. Handrið við stiga er 1,2m með handlistum í 0,9m hæð sem ganga 0,3m fram fyrir brún. Handlistar skábrauta eru í tveimur hæðum; 0,9m og 0,7m.

LOFTRÆSING:
Öll rými viðbyggingarinnar eru loftræst með vélrænni loftræsingu. Náttúruleg loftun um opanleg gluggafóg verður valkostur í öllum íverurýmum.

HITUN:
Rými verða hituð upp með ofnum undir gluggum, að undanskildum matsal þar sem verður gólfhiti. Snjóbræðsla verður framan við helstu innganga.

LAGNIR:
Inntök eru í tæknirými í kjallara. Raf- og vatnslagnir eru leiddar um lagnaloft að notkunarrýmum byggingarinnar. Lagnaleiðir eru almennt í rýmum fyrir ofan niðurtekin loft.

NEYSLUVATNSKERFI:
Heitt neysluvatn er forhitað með hitaveitu, viðmiðunarhitastig 65°C. Hitastig við töppunarstaði er með blöndun, hámarkshiti 43 °C. Kerfi er með hringrás í stofnlögnum.

LÓÐ:
Aðalaðkoma byggingar er úr vestri, frá Fífusundi um upprunalegan aðalinngang núverandi skólabyggingar. Auk þess eru aðkomuleiðir frá Kirkjuvegi úr austri, annars vegar um þjónustuinngang í tengibyggingu og hins vegar inn í aðalanddyri.

BÍLASTÆÐI:
Bílastæðum er hagað samvkæmt deiliskipulagi. 13 bílastæði eru vestan byggingar við Fífusund, þar af 1 sérmerkt fyrir hreyfihamlaða. 27 bílastæði eru austan byggingar við Kirkjuveg, þar af 2 sérmerkt fyrir hreyfihamlaða.

AÐGENGI OG FALLHÆTTA.
Aðgengi fyrir alla tryggt með skábrautum og handlistum. Stigar, skábrautir og þrep verði merkt með litamun til að koma til móts við þarfir sjónskertra.
Svið verði rammað af og merkt með litamun til að sporna við fallhættu.

HLJÓÐVIST:
Markmið hönnunar er að tryggja góða hljóðvist í skólanum m.t.t. heilsu og vellíðunar nemenda og starfsfólks í samræmi við lágmarkskávæði byggingareglugerðar og ÍST 45:2016 flokk C. Horft er til kafla 7 í staðlinum, þar sem skilgreindar eru kröfur til grunnskóla.
Fullnægjandi hljóðeinangrun verður tryggð með því að beita þekktum lausnum við uppbyggingu veggja, hurða og glers. Gólfefni verða valin m.a. með högghljóðstig í nálægum rýmum í huga. Frágangur tæknibúnaðar í byggingunni verður með þeim hætti að kröfur til hljóðvistar verða uppfyllar, jafnt til lofthljóðeinangrunar milli rýma sem *og hljóðstigs frá tæknibúnaði. Hljóðstig á útileiksvæðum verða innan* marka reglugerðar um hávaða.

HÁMARKS U-GILDI:

Útveggir:		U=0,30 W/m2K
Þak:		U=0,20 W/m2K
Gólf:	1m frá útvegg:	U=0,21 W/m2K
	+ 1m frá útvegg:	U=0,29 W/m2K
Gluggar:		U=2,00 W/m2K

STÆRÐIR :

Matshluti 03:
Brúttó flatarmál: 1444,5 m2
Brúttó rúmmál: 7134,4 m3
Nettó gólfflötur: 1277,9 m2

Heidarstærð skóla:	Matshluti 01:	591,7m2
	Matshluti 02:	966,5 m2
	Matshluti 03:	1444,5 m2
	Samtals:	3002,7 m2

Stærð lóðar:	12263 m2
Nýtingarhlutfall fyrir breytingu:	0,13
Nýtingarhlutfall eftir breytingu:	0,24

BRUNAVARNIR:

Brunavarnir eru samkvæmt brunahönnun EFLU dags. 24.október 2019.

NOTKUNARSKILMÁLAR
Notkunarflokkur: Skrifstofudeild og kjallari: Notkunarflokkur 1. Aðrir húshlutar: Notkunarflokkur 5. Brunaálag: < 800 MJ/m². Heildarfjöldi í fjölnotarými: 140 manns. Heildarfjöldi í matsal: 200 manns við almenna starfsemi eða 440 manns ef engin önnur starfsemi er samtímis í viðbyggingunni.

BRUNAVIÐVÖRUNARKERFI
Í alli byggingunni er brunaviðvörunarkerfi, tengt viðurkenndri vaktstöð samkvæmt leiðbeiningum Mannvirkjastofnunar og ÍST EN 54. Stjórnstöð brunaviðvörunarkerfis verður á vegg í anddyri.

HANDSLÖKKVIBÚNAÐUR
Slöngukefli skulu vera skv. ÍST EN 671-1. Slöngukefli (a.m.k. 30m) verða staðsett á gangi í norðurhluta viðbyggingar annars vegar og í matsal hins vegar. Ekki verða gerðar breytingar á núverandi slöngukeflum í byggingunni. Handslökkvitæki skulu vera skv. ÍST EN 3, almennt 6L léttvatnstæki með slökkvigetu a.m.k. 21A og 144 B. Staðsett við slöngukefli, í eldhúsi, fjölnotarými, anddyri og í kjallara. Einnig kolsýruslökkvitæki með slökkvigetu a.m.k. 50B á verkstæði og léttvatnstæki með slökkvigetu a.m.k. 40F í eldhúsi.

SLÖKKVIKERFI
Sjálfvirkt slökkvikerfi skal vera í háf í eldhúsi skv. leiðbeiningum Mannvirkjastofnunar nr. 6.048.

NEYÐARLÝSING OG LEIÐARMERKINGAR
Í byggingunni verða leiðarmerkingar og neyðarlýsing skv. leiðbeiningum Mannvirkjastofnunar, ÍST EN 1838 og ÍST EN 50172. Svæðislýsing (0,5 lúx) verður í kennslustofum, í sölum og á opnum svæðum stærri en 60m², á snyrtingum hreyfihamlaðra, í fatahengi og á verkstæði og tæknirýmum í kjallara. Flóttaleiðalýsing (escape route lighting) (1 lúx) verður í miðlínu flóttaleiða á jarðhæð og í kjallara. Neyðarlýsing (5 lúx) verður í anddyrum, í stigahúsi niður í kjallara og þar sem öryggisbúnaður er staðsettur.

RÝMING VID ELDSVOÐA
Skýlt er að setja upp rýmingaráætlun fyrir bygginguna í samræmi við reglur Mannvirkjastofnunar og Vinnueftirlitsins.

FLÓTTALEIÐIR
Flóttaleiðir eru sýndar á aðaluppdráttum. Mesta reiknuð lengd flóttaleiðar að útgangi er innan viðmiðunarmarka byggingarreglugerðar.

DYR Í FLÓTTALEIÐ
Allar hurðir í flóttaleið skal vera hægt að opna í flóttaátt (innan frá) án lykils eða verkfæra. Hurðir beint út frá matsal og fram í anddyri og út til austurs skulu hafa neyðaropnunarbúnað skv. ÍST EN 1125. Hurðir í flóttaleiðum frá norðurhluta og frá fjölnotarými viðbyggingar, og frá aðalanddyri til suðurs skulu hafa neyðarhún skv. ÍST EN 179.

KLÆÐNINGAR OG GÓLF
Flokkun klæðninga og gólfefna er skv. ÍST EN 13501-1. Allar nýjar og endurnýjaðar vegg- og loftaklæðningar verða $K_2$10 B-s1, d0 (flokkur 1). Niðurhengd loft, upphengikerfi og hljóðdempunarplötur þar sem slíkt verður notað verða í flokki B-s1,d0. Gólfefni skulu uppfylla D_{fl}-s1 (flokk G).

ÚTVEGGIR OG ÞÖK
Yfirborðsfletir útveggja byggingarinnar verða í flokki 1. Utan á vegginn má setja regnhlíf og skulu öll efni tengd henni vera A2-s1,d0. Undir regnhlífinni (í loftræsta bilinu ef það er) skal vera samsvarandi brunavörn og er í þeirri brunahólfun hússins sem nær að útveggnum. Þakklæðning verður í flokki T (B_{roof} (t2)) skv. ÍST EN 13501-5. Nota skal óbrennanlega einangrun í útveggi og þök.

BRUNAHÓLFUN
Jarðhæð viðbyggingar myndar sérstakt meginbrunahólf gagnvart anddyri og öðrum hlutum byggingarinnar. Kjallari er í sérstöku EI90 meginbrunahólfi. Brunahólfun er annars almennt með EI60 veggjum, $EI_2$30-CS_m/E30-CS_m hurðum og E30 gluggum (innandyra).

LOFTRÆSIKERFI
Viðbyggingin er loftræst með vélrænni loftræsingu. Loftræsikerfum er ekki ætlað sérstakt hlutverk í bruna. Þannig skal frá þeim gengið að þau rýri ekki brunahólfun né stuðli að útbreiðslu reyks. Brunahólfun loftræsikerfis skal uppfylla sömu kröfur og brunahólfun í byggingunni almennt (veggir og hæðaskil brunahólfa).

AÐSTAÐA SLÖKKVILIÐS
Aðkomuleiðir eru sýndar á afstöðumynd. Ekið er að byggingunni frá Kirkjuvegi annars vegar og Fífusundi hins vegar. Einnig akfær stígur frá Þróttahúsi. Stjórnstöð brunaviðvörunarkerfis er við aðalinngang.

BURÐARVIRKI VIÐ BRUNA
Burðarvirki viðbyggingar verða R60. Burðarvirki endurnýjaðra hluta núverandi byggingarinnar eru óbreytt, reiknað er með að þau uppfylli R60.

VIÐHALD BRUNAVARNA
Skylt er að gera þjónustusamning við viðurkenndan aðila um viðhald og eftirlit á brunaviðvörunarkerfi. Gera skal þjónustusamning um viðhald á neyðarlýsingu, slöngukeflum, sjálfvirku slökkvikerfi í háf og handslökkvitækjum. Setja skal up eigið eldvarnaeftirlitskerfi fyrir bygginguna í samræmi reglugerð um eldvarnir og eldvarnareftirlit til að tryggt sé að brunavarnir séu ávallt í fullkomnu lagi og virki eins og til er ætlast þegar á reynir.

1:500 — 0 5 10 15 20 25 m

ATH. öll mál skulu tekin á staðnum áður en smíði hefst.
Ósamræmi í gögnum skal án tafa tilkynna skriflega til hönnuða

Skráningartafla:	Grunnskóli Húnaþings vestra, Kirkjuvegi 1				Skrásetjari:	Gunnhildur Melsted											
Landnúmer:	144395				Kennitala:	100286-2629											
Matshlutanúmer:	01				Útgáfa: 4.01b	Dags.: 3.10.2019											
Uppskipting og lýsing					Stærðir												
D0 Lokun	D1 Rými hæð-róð	D2 Notkun texti	D3 Hólfu-flokkun	D4 Eignar-hald	D5 Bóðnðtour m²	D5M Mátlötur m²	D6 Stigar m²	D7 Op m²	D8 Brúttóflötur m²	D9 Brúttóflötur sh < 1,8	D10a Salarhæð min	D10b Salarhæð max	D11 Brúto rúmmál m³	D12 Nettóflötur m²	D16 Birt flatarmál m²	Reiknilaka skiptarúmmáls	D17 Skipta-rúmmál m³
		Matshluti			591,7	0,0	0,0	0,0	591,7	0,0			2.900,0	525,1	591,7		2.462,242
		Botn											96,0				
	00	**Kjallari**			111,7	0,0	0,0	0,0	111,7	0,0			257,0	98,2	111,7		
A	0001	**geymsla**	N	0101	111,7				111,7		2,30	2,30	257,0	98,2	111,7	2,30	225,860
	01	**1. hæð**			480,0	0,0	0,0	0,0	480,0	0,0			2.547,0	426,9	480,0		
A	0101	**anddyri/fatahengi**	N	0101	161,2				161,2		3,00	4,89	635,8	141,8	161,2	3,94	558,692
A	0102	**hóprými**	N	0101	76,1				76,1		4,97	5,42	395,3	70,6	76,1	5,19	386,414
A	0103	**snyrting**	N	0101	20,9				20,9		3,60	50,10	561,2	17,2	20,9	26,85	461,820
A	0104	**kennslurými**	N	0101	99,9				99,9		3,60	5,01	429,9	90,7	99,9	4,30	390,010
A	0105	**kennslurými/námsver**	N	0101	121,9				121,9		3,60	5,01	524,8	106,6	121,9	4,31	459,446
B	0106	**útitrappa**	U	0101			3,7		0,0								
Athugasemdir																	
Sameignir sumra																	
Eignarhald																	

	Eignar-hald	Notkun texti	Birt flatarmál m²	Skiptarúmmál Séreign m³	Séreign og sameign m³
	0101	**anddyri/fatahengi**	591,7	2.462,242	2.462,242
		Alls	591,7	2.462,242	2.462,242

Skráningartafla:	Grunnskóli Húnaþings vestra, Kirkjuvegi 1				Skrásetjari:	Gunnhildur Melsted											
Landnúmer:	144395				Kennitala:	100286-2629											
Matshlutanúmer:	03				Útgáfa: 4.01b	Dags.: 3.10.2019											
Uppskipting og lýsing					Stærðir												
D0 Lokun	D1 Rými hæð-róð	D2 Notkun texti	D3 Hólfu-flokkun	D4 Eignar-hald	D5 Bóðnðtour m²	D5M Mátlötur m²	D6 Stigar m²	D7 Op m²	D8 Brúttóflötur m²	D9 Brúttóflötur sh < 1,8	D10a Salarhæð min	D10b Salarhæð max	D11 Brúto rúmmál m³	D12 Nettóflötur m²	D16 Birt flatarmál m²	Reiknilaka skiptarúmmáls	D17 Skipta-rúmmál m³
		Matshluti			1.452,3	0,0	7,8	7,8	1.444,5	0,0			7.134,4	1.271,8	1.444,5		6.070,361
		Botn											248,5				
	00	**Kjallari**			209,9	0,0	0,0	0,0	209,9	0,0			608,4	172,8	209,9		
A	0001	**gangur**	U	0101	15,8				15,8		2,90	2,90	45,8	12,4	15,8	2,90	35,960
A	0002	**verkstæði**	N	0101	71,2				71,2		2,90	2,90	206,4	50,3	71,2	2,90	145,870
A	0003	**tæknirými**	T	0101	100,6				100,6		2,90	2,90	291,6	91,9	100,6	2,90	286,510
A	0004	**gangur**	U	0101	22,3				22,3		2,90	2,90	64,6	18,2	22,3	2,90	52,780
B	0005	**útitrappa**	U	0101			4,7		0,0								
	01	**1. hæð**			1.242,4	0,0	7,8	7,8	1.234,6	0,0			6.277,5	1.099,0	1.234,6		
A	0101	**matsalur/fjölnota**	N	0101	237,6		7,8	7,8	229,8		3,07	7,44	1.248,4	214,7	229,8	5,25	1.127,175
A	0102	**frístund**	N	0101	72,4				72,4		6,71	4,89	419,9	66,9	72,4	5,80	388,020
A	0103	**stjórnun**	N	0101	98,6				98,6		3,07	6,71	482,2	85,2	98,6	4,89	416,628
A	0104	**eldhús**	N	0101	80,3				80,3		3,07	5,36	338,5	69,0	80,3	4,22	291,180
A	0105	**tónmennt**	N	0101	50,4				50,4		3,80	6,82	267,6	44,3	50,4	5,31	235,233
A	0106	**tónlistarstofa**	N	0101	22,6				22,6		3,32	5,94	104,6	17,9	22,6	4,63	82,877
A	0107	**tónlistarstofa**	N	0101	22,5				22,5		5,33	3,32	97,3	18,8	22,5	4,32	81,216
A	0108	**tónlistarstofa**	N	0101	22,5				22,5		5,33	3,32	97,3	18,6	22,5	4,32	80,952
A	0109	**tónlistarstofa**	N	0101	39,2				39,2		6,34	3,32	189,0	31,4	39,2	4,82	151,348
A	0110	**skólasafn**	N	0101	138,6				138,6		4,82	7,44	849,1	127,1	138,6	6,13	779,123
A	0111	**fjölnota rými**	N	0101	72,3				72,3		3,08	3,08	222,7	67,3	72,3	3,08	207,284
A	0112	**gangur/anddyri**	U	0101	62,9				62,9		4,39	5,74	318,8	57,1	62,9	5,07	289,497
A	0113	**kaffist. starfsfólks**	N	0101	48,0				48,0		3,00	5,02	192,6	41,6	48,0	4,01	166,816
A	0114	**salerni/ræsting**	N	0101	14,1				14,1		3,00	4,46	52,7	10,7	14,1	3,74	40,018
A	0115	**vinnust. kennara**	N	0101	28,1				28,1		3,00	5,02	112,8	24,3	28,1	4,01	97,443
A	0116	**salerni**	N	0101	16,1				16,1		3,49	5,02	68,4	11,7	16,1	4,25	49,725
A	0117	**fatahengi/tæknir.**	N	0101	17,4				17,4		3,49	5,02	73,9	13,2	17,4	4,25	56,100
A	0118	**kennslustofa**	N	0101	66,9				66,9		6,64	4,85	384,3	59,8	66,9	5,74	343,252
A	0119	**kennslustofa**	N	0101	64,9				64,9		6,64	4,85	372,7	59,6	64,9	5,74	342,104
A	0120	**kennslustofa**	N	0101	67,0				67,0		6,64	4,85	384,9	59,8	67,0	5,75	343,850
Athugasemdir																	
Sameignir sumra																	
Eignarhald																	

	Eignar-hald	Notkun texti	Birt flatarmál m²	Skiptarúmmál Séreign m³	Séreign og sameign m³
	0101	**matsalur/fjölnota**	1.444,5	6.070,361	6.070,361
		Alls	1.444,5	6.070,361	6.070,361

Húnaþing vestra
Samþykkt þann
15. nóv. 2019
Byggingarfulltrúinn í Húnaþingi vestra

MÓTTEKIÐ
12. nóv. 2019
Byggingarfulltrúinn í Húnaþingi vestra

Vottað af Mannvirkjastofnun
EFLA VERKFRÆÐISTOFA
Rafræn undirritun
Eivar Ingi Johannesson
8.11.2019

VA VINNUSTOFA ARKITEKTA
Borgartún 6 105 Reykjavík sími: 530 6990
vaarkitektar@vaarkitektar.is
www.vaarkitektar.is

Aðalteikningar
Afstöðumynd, byggingarlýsing og skráningartafla

EFNI:

SAMÞ. HÖNNUNARSTJÓRI: Magdalena Sigurðardóttir KT: 260485-2459

Teikningar Mhl. 01 eru byggðar á teikningum Húsameistara ríkisins frá 1958.

Grunnskóli Húnaþings vestra, viðbygging
Kirkjuvegur 1, Hvammstanga

VERKKAUPI:			Húnaþing vestra
KENNITALA VERKKAUPA:			540598-2829
Verknúmer: 1808	Áfangi: 101	Endurútg.:	Dags. endurútg.:
MÆLIKVARÐI: 1 : 500		FRUMSTÆRÐ BLAÐS:	A1
TEIKNAÐ AF: GM/DS/MS		YFIRFARIÐ:	RÓB
DAGSETNING: 08.11.2019			
ÚTGEFANDI:		KENNITALA:	
Magdalena Sigurðardóttir			260485-2459

Magdalena Sigurðardóttir

Teikning þessi er gerð út af arkitektum fyrir hönd hönnuðarréttar.
Teikninguna má ekki afrita né heimum hætti, né hluta til eða í heild án skriflegs leyfis höfundar.

Útprentun: 08.11.2019
Vistað: 8.11.2019 13:10:22
Skrá: \\va-file1.va.h1.is\home$\gunnhildur\Documents\1808 Grunnskoli_local_gunnhildur\T3LF5.rvt